

Sérskoðun á brjóstum





**Þegar eitthvað óeðlilegt sést á skimumarmyndum
er þörf á frekari rannsókn.**

Biðtími ætti ekki að vera meiri en 2 vikur.

**Rannsóknin tekur um 30-60 mínútur og er
framkvæmd á Brjóstamiðstöð Landspítala,
Eiríksgötu 5, eða á myndgreiningardeild
Sjúkrahúss Akureyrar, Eyrarlandsvegi.**

**Af 100 konum sem fara í brjóstaskimun eru um
3-4 sem þurfa frekari brjóstaskoðun til greiningar.**

Sérskoðun á brjóstum er:

- **Endurtekin röntgenrannsókn af brjóstinu.**
- **Ómun af brjósti.**
- **Tekið vefjasýni.**

ENDURTEKIN RÖNTGENRANNSÓKN AF BRJÓSTINU


- Aukamyn dir eru tekna af svæðinu þar sem skimunarmyn dir sýndu grunsamlegar breytingar og í sumum tilvikum er þá gefið skuggae fni í æð.
- Eins og í skimunarmyndunum er settur þrýstingur á brjóstið og þykir sumum það óþægilegt.
- Venjulega eru tekna 2-3 myndir.


ÓMUN

- Læknir framkvæmir ómun af brjóstinu.
- Ómun er framkvæmd á því brjósti þar sem skimunarmyndirnar sýndu grunsamlegar breytingar.
- Skoðunin er ekki óþægileg.

VEFJASÝNI

- Stundum er þörf á að taka vefjasýni frá brjóstinu til frekari greiningar.
- Vefjasýnið er skoðað í smásjá til að greina á milli hvort það sé góðkynja eða illkynja.
- Það getur tekið um 2 vikur að fá svarið úr vefjagreiningu/frumugreiningu.





Svar úr sérskoðun á brjóstum getur verið tvenns konar

Engin merki eru um brjóstakrabbamein

- Ekkert óeðlilegt sást í brjóstinu sem krefst frekari rannsókna.
- Það sem sást í rannsókninni eru góðkynja breytingar.
- Þú færð boð um næstu brjóstaskimun eftir 2 ár ef þú ert 40-69 ára en eftir 3 ár ef þú ert 70-74 ára.

Brjóstaskoðunin sýndi breytingar sem þarf að skoða betur og taka vefjasýni

- Loka niðurstaða úr vefjagreiningu tekur um 2 vikur.
- Ef vefjagreining sýnir grunsamlegar breytingar eða staðfestir brjóstakrabbamein verður þú send til frekari skoðunar og meðferðar á Landspítalanum eða Sjúkrahúsínu á Akureyri eftir því sem við á.